Titill:	**Notendahópur um þjóðhagsreikninga**
Fundarstaður og -tími:	Borgartúni 21a, 23.5.2008
Fulltrúar Hagstofu Íslands:	Guðmundur Sigfinnsson, Jinny Gupta, Jóhann Rúnar Björgvinsson, Ólafur Hjálmarsson, Rósmundur Guðnason, Stefán Þór Jansen
Aðrir fundarmenn:	Arnar Þór Sveinsson - Fjármálaráðuneytinu, Ásgeir Daníelsson - Seðlabanka Íslands, Benedikt Valsson - Icebank, Ingunn S. Þorsteinsdóttir – ASÍ

1. Tekjuskiptingaruppgjör, staða

Guðmundur og Jinny gerðu grein fyrir þeirri vinnu sem er í gangi innan Hagstofunnar við gerð tekjuskiptingauppgjörs og geiraskiptingu þjóðhagsreikninga.

Tekjuskiptingaruppgjörið er ein af þremur uppgjörsaðferðum þjóðhagsreikninga. Ekki er stefnt að því að búa til sjálfstætt óháð mat á landsframleiðslunni skv. þessari aðferð. Tilgangurinn með geiraskiptingu þjóðhagsreikninga er að búa til reikninga fyrir einstaka geira þjóðfélagsins (heimili, fyrirtæki, fjármálafyrirtæki, hið opinbera og félagasamtök) ásamt því að kortleggja samspilið milli þeirra og við útlönd.

Margar atlögur hafa verið gerðar hér á landi sem miða að því að koma upp slíkum reikningum en núverandi vinna hófst á Hagstofunni árið 2002. Í upphafi var megin markmiðið að búa til reikninga fyrir alla geirana árið 1997 og frá því grunnári hófst vinna við að búa til samfellda tímaröð fyrir þessa reikninga. Árið 2006 var ákveðið að leggja megin áhersluna á að ljúka reikningum fyrir heimilageirann, enda mest eftirspurn frá notendum eftir þeim upplýsingum, og voru fyrstu niðurstöður birtar í apríl 2007.

Sú vinna sem nú er í gangi miðast við að endurbæta reikningana fyrir heimilin, m.a. með betri upplýsingum úr öðrum geirum, og að ljúka þeim fyrir hina geirana. Þeirri vinnu miðar vel og eru nú fyrirliggjandi flestar niðurstöður fyrir alla geira, 1997-2005. Veikustu upplýsingarnar eru um félagasamtökin og eignatekjur. Stefnt er að því að gefa út endurskoðaðar tölur um heimilageirann með haustinu og ræðst hvort tölur um hina geirana verða einnig birtar þá eða síðar á árinu af framgangi verksins.

Samhliða þessari vinnu er einnig hafin vinna við gerð fjárstreymisreikninga (Financial Accounts) fyrir alla geira og vonir standa til að fyrstu niðurstöður verði tiltækar síðari hluta ársins.

Sú spurning kom fram í framhald af kynningunni hvort Hagstofan gæti birt ýmsa undirliði úr reikningum heimilageirans áður en heildarniðurstaða liggur fyrir og mun Hagstofan kanna möguleikana á að verða við þeirri ósk og hvort hægt sé að nýta upplýsingar úr staðgreiðslugögnum áður en reikningarnir eru tilbúnir.

2. Önnur mál

a) Skipulagsbreytingar á efnahagssviði Hagstofu Íslands í apríl 2008

Gerð var grein fyrir skipulagsbreytingum sem gerðar voru á efnahagssviði Hagstofunnar í apríl síðastliðnum. Stefán Þór Jansen lét, að eigin ósk, af störfum sem deildastjóri Þjóðhagsreikningadeildar. Starfsemi þjóðhagsreikninga og opinbers búskapar og tekjuskiptingar var sameinuð í eina deild: Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál og tók Jóhann Rúnar Björgvinsson við starfi deildarstjóra í henni. Stefán mun áfram sinna ýmsum verkefnum á sviði þjóðhagsreikninga en einnig öðrum verkefnum á efnahagssviði.

Jóhann Rúnar gerði svo stuttlega grein fyrir þeim verkefnum sem verið er að vinna að og til stendur að sinna á næstunni.

b) Dagskrá næsta fundar

Hugmyndir komu fram um að á næsta fundi mætti fjalla um fjárfestingar, sérstaklega tölfræði um íbúðarbyggingar, og síðar um þær upplýsingar sem nota mætti til framleiðnimælinga.